

AUGLÝSING

um breyting á forsetaúrskurði frá 16. júlí 1973, samanber breytingu á forsetaúrskurði frá 14. júlí 1971, um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði frá 16. júlí 1973, samanber breytingu á forsetaúrskurði frá 14. júlí 1971, um skipting starfa ráðherra, að Magnús Torfi Ólafsson, menntamálaráðherra fer með ráðherrastörf þau, sem Birni Jónssyni voru falin í nefndum forsetaúrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í forsætisráðuneytinu, 6. maí 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.